

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 1/1999:

- a. Í stað dagsetningarinnar „30. september“ í 2. mgr. kemur: 31. október.
- b. Í stað orðanna „lögum þessum“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: lögum nr. 1/1999.
- c. Í stað hlutfallstölunnar „25%“ í lokamálslið 3. mgr. kemur: 10%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIII í lögnum, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 1/1999:

- a. Í stað dagsetningarinnar „1. mars 1999“ í 14. mgr. kemur: 15. apríl 1999.
- b. Við ákvæðið bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis er heimilt að veita báti sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og kýs að stunda veiðar með krókaafلامark frá og með fiskveiðiarinu 2000/2001 leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahám marki frá og með 15. apríl 1999 og til upphafs fiskveiðársins 2000/2001. Úthlutað þorskaflahám mark báts þann tíma skal vera hið sama og reiknað krókaafلامark hans samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999. Á tímabilinu skulu að öðru leyti gilda sömu reglur og takmarkanir um veiðar þessara báta og annarra báta sem stunda veiðar með þorskaflahám marki, þar með talið um framsal þorskaflahámarsins. Á fiskveiðiarinu 1998/1999 skal draga frá úthlutuðu þorskaflahám marki þann þorskafla sem bátar skv. 1. másl. þessarar málsgreinar hafa aflað fram til 15. apríl 1999. Hafi bátur aflað meira á því tímabili en sem nemur úthlutuðu þorskaflahám marki er honum óheimilt að stunda veiðar fyrr en flutt hefur verið á hann þorskaflahám mark sem samsvarar umframveiði. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir 15. apríl 1999 hvort óskað er eftir því að nýta heimild skv. 1. másl. Um ákvörðun aflahlutdeildar þeirra báta, sem kjósa að stunda veiðar með þorskaflahám marki samkvæmt þessari málsgrein, í ýsu, ufsa og steinbít skal fara samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun til báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmrörkunum, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögnum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Veiðar krókabáta á krókaafلامark frá öðrum stofnum en tilgreindum eru ekki bundnar aflatakmrörkunum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXV í lögum, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 1/1999:

- a. Í stað orðanna „árlega 4.000 lestum af þorski, að frádregnum 601 lest sem úthlutað er skv. 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II og úthlutun skv. 2. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: árlega 3.000 lestum af þorski.
- b. Í stað orðanna „og eru“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: og voru þann dag.
- c. Við 1. mgr. bætast þrjú nýir málslíðir, svohljóðandi: Endurnýi útgerð bát sem á rétt á úthlutun samkvæmt þessari málsgrein, með nýsmíði eða kaupum á öðrum bát, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem verið er að endurnýja og ekki samið um annað. Tilkynna skal Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátnum skal fylgja úthlutun samkvæmt þessari málsgrein. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar málsgreinar viðbótaraflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til gildistöku þessara laga, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt málsgreininni.
- d. Í stað orðanna „sem eru minni en 10 brl. eða 10 brúttótonn“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sem voru minni en 10 brl. eða 10 brúttótonn 1. janúar 1991 eða 1. desember 1998.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.

10. mars 1999

Nr. 10

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um frestun á fundum Alþingis.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 10. mars 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 25. mars 1999.

Gjört í Reykjavík, 10. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Davíð Oddsson.